

LISTIR

Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar

SÝNING á verkum eftir Ásmund Sveinsson sem ber yfirskriftina Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar verður opnuð laugardaginn 25. maí kl. 16 í Ásmundarsafni.


Ásmundur Sveinsson fæddist 23. maí árið 1893 að Kolsstöðum í Dalasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Sveinn Finnsson bóndi og Helga Eysteinsdóttir. Ungur kynntist hann stríti sveitalífsins en listin með stóru L-i var víðs fjarri. Það var í þessari nánast myndlausu veröld (sem þó var hlaðin bókmenntalegum hugmyndum) sem Ásmundur Sveinsson ólst upp fram til 22 ára aldurs.

„Ásmundur Sveinsson kom til Reykjavíkur árið 1915 og komst í læri í tréskurði hjá Ríkarði Jónssyni myndhöggvara. Auk þess var hann í almennu námi við Iðnskólann og lagði stund m.a. á teikningu undir leiðsögn Þórarins B. Þorlákssonar. Að loknu iðnnámi árið 1919 ákvað Ásmundur að fara í nám í höggmyndalist til Kaupmannahafnar. Þar dvaldi hann einn vetur en kunni illa við sig í skólanum. Hann tók því ráði Einars Jónssonar myndhöggvara og sótti um inngöngu í Listaháskólann í Stokkhólmi þar sem hann síðan stundaði listnám m.a. undir handleiðslu Carl Milles næstu

sex árin. Voru þetta miklir ör-lagatímar fyrir Ásmund bæði hvað snerti listnámið og almenna menntun. Eftir að hafa lokið burtfararprófi frá Listaháskólanum í Stokkhólmi fór hann í framhaldsnám til Parísar þar sem hann var búsettur næstu þrjú árin. Í París kynntist Ásmundur þeim liststefnum sem höfðu komið fram í byrjun aldarinnar og varð vitni að þeim umbrotum sem áttu sér stað í samtímalistinni þann tíma sem hann dvaldi í París. Þá naut hann tilsagnar heimskunnra listamanna á borð við Despiau og Bourdelle.

Sýningunni Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar er ætlað að bregða sérstöku ljósi á listsköpun Ásmundar allt frá æskuárum og þar til hann kom aftur frá námi árið 1929. Á sýningunni verður sýndur fjöldi myndverka, bæði höggmyndir og teikningar sem aldrei áður hafa komið fyrir sjónir almennings. Þá verða einnig á þessari sýningu nokkur verk eftir þá listamenn erlenda – Carl Milles, Despiau, Bourdelle – sem höfðu hvað mest áhrif á listsköpun Ásmundar á þriðja áratugnum.

Í tengslum við sýninguna hefur verið gefin út bók með grein um mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar eftir Gunnar B.



SÝNINGIN um mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar undirbúin.

Kvaran, sem jafnframt er sýningarstjóri sýningarinnar. Bókina prýðir fjöldi ljósmynda af verkum Ásmundar.

Ásmundarsafn er opið daglega yfir sumartímann frá kl. 10–16,“ segir í frétt frá Ásmundarsafni.

Tónleikar í Ísafjarðar- kirkju

TÓNLEIKAR verða haldnir í Ísafjarðarkirkju föstudagskvöldið 24. maí. Kór Hafnarfjarðarkirkju, sem er á ferð um Vestfirði, flytur íslenska kórtónlist. Einnig munu þeir Örn Arnarson tenór og Valdimar Músson barítón syngja einsöng og dúetta.

Tónlistin er eingöngu íslensk svo sem ættjarðarlög, þjóðlög og sönglög. Undirleikari verður Sigurður Marteinson og stjórnandi kórsins er Helgi Bragason.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og rennur ágóði af þeim óskiptur til Ísafjarðarkirkju.

Lítill málverk í Eden

BJARNI Jónsson listmálari hefur opnað sýningu á litlum málverkum í Blómaskálanum Eden í Hveragerði. Myndefnið er fjölbreytt en þó mest af myndum tengdum sjó og þjóðlífi fyrri tíma.

Þjarni hefur undanfarna áratugi gert mikið af heimildamyndum um sjósókn og líf forfedra okkar.

Sýningin stendur til 2. júní.



Bjarni Jónsson



JESÚGANGAN

25. maí

Dagskrá: 13:30 Mæting á Ingólfstorg

14:00 Bæn

14:10 Gengið af stað

15:00 Komið aftur að Ingólfstorgi · Tónlist, predikun o.fl.

15:45 Dagskrá lýkur

Jesús lifir

Kærleiks- og friðarboðskapur Krists á meira erindi til okkar í dag en nokkru sinni fyrr. Jesúgangan er alþjóðleg og verður gengið samtímis í um 200 löndum. Markmiðið með göngunni er að kristið fólk sameinist í að benda á Jesú Krist sem frelsara heimsins. Jesús verður hylltur og hann beðinn um blessun yfir íslensku þjóðina.

Taktu þátt í þessum sögulega viðburði.

Aðstandendur göngunnar eru:

Aðventistar S D · Filadelfía · Frelsið · Hjalpræðisherinn · Kapólska kirkjan · Kefas KFUK, KFUM · Kletturinn · Kristlegt félag heilbrigðisstétta · Krossinn · Orð Lífsins Ungt fólk með hlutverk · Vegurinn kristið samfélag · Þjóðkirkjan

